

## **PRIÐJA TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM NÝTINGU OG ÚTLEIGU ÍPRÓTTAHÚSA ÍSAFJARÐARBÆJAR.**

*Lögð fram í annað sinn í bæjarráði eftir að fræðslunefnd og bæjarráð hefur gert athugasemdir sem tekið er tillit til í tillögunni.*

### *1. gr.*

#### *Hlutverk íþróttahúsa*

Íþróttahús Ísafjarðarbæjar eru fjölnothús þar sem iðkun íþróttu- og æskulýðsstarfsemi er aðalhlutverk þeirra. Slik starfsemi hefur þar af leiðandi forgang. Þar sem húsin eru undir fjölnotastarfsemi skal stefnt að hámarksnýtingu þeirra með útleigu til annarrar starfsemi en fyrir íþróttir. Sökum staðar íþróttahúsa koma upp tilfelli þar sem þau eru eina húsnæðið sem nýtanlegt er fyrir vörusýningar, móttökur, stórar matarveislur og dansleiki. Er þar hægt að nýta sérstaklega sumarið, jól og aðrar hátiðir þegar íþróttastarfsemi er í lágmarki. Gera skal ráðstafanir til að verja gólf og aðra hluta húsnæðisins eftir því sem þörf krefur.

### *2. gr.*

#### *Áfengisneysla, reykingar*

Heimilt er að veita áfengi í matarveislum og á dansleikjum í íþróttahúsum Ísafjarðarbæjar ef leigutaki er með vínveitingaleyfi. Reykingar eru ekki heimilaðar innandyra enda óheimilar skv. lögum.

### *3. gr.*

#### *Vörusýningar, kynningarstarfsemi*

Heimilt er að leigja íþróttahús Ísafjarðarbæjar undir sýningar, hvers konar, sem hægt er að halda án þess að raska íþróttaviðburðum.

### *4. gr.*

#### *Matarveislur, móttökur*

Heimilt er að leigja íþróttahús Ísafjarðarbæjar undir móttökur og stórar matarveislur þegar annað húsnæði í sveitarfélaginu reynist ekki nágu stórt og það rekst ekki á íþróttaviðburði.

### *5. gr.*

#### *Dansleikir*

Heimilt er að leigja íþróttahús Ísafjarðarbæjar fyrir dansleiki þegar annað húsnæði í sveitarfélaginu reynist ekki nágu stórt og það rekst ekki á íþróttaviðburði. Í mörgum tilfellum er líklegt að stórra matarveislur fylgi dansleikur. Gerð er krafa um að leigutaki greiði fyrir þá gæslu sem talin er nauðsynleg eða útvegi hana sjálfur.

### *6. gr.*

#### *Önnur starfsemi*

Önnur starfsemi innan íþróttahúsa Ísafjarðarbæjar en hér er talin upp skal háð samþykki forstöðumanna húsanna og skulu þeir við ákvörðun sína taka mið af meginreglu sem fram kemur í samþykkt þessari um nýtingu íþróttahúsa í samráði við næsta yfirmann.